

Fundur hjá foreldrafélaginu 26. Febrúar 2018,

heima hjá Jóhönnu Magg, ómæ, þvílíkar veitingar...

Mættar eru Tinna Guðmunds, Auður Jörunds dóttir, Eva Jónudóttir, Elva Ásgeirsdóttir, Jóhanna Magnúsdóttir, Sigríður Rún sem ritar fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar, 15. jan, samþykkt.

Varðandi sparkvöll; á síðasta fundi velferðarnefndar var komið svar frá bæjarstjórn og það lítur ekki út fyrir að farið verður í að skipta um kurl og gras, bara fúaverja og ditta að. Ættum þá að ítreka fá svar frá bæjarstjórn (viðbætur: Eftir fundinn okkar fékk formaður póst frá bæjarstjóra sem staðfestir þessar upplýsingar. Sjá

2. Sjálfsstyrkingarnámskeið, mat og eftirfylgni. Það var flott að fá Kristínu og Bjarna, en það gerir ekkert ef því er ekki fylgt eftir. Senda á stjórnendur og spyrja hvað er verið að gera, er eftirfylgd við námskeiðið eða verið að öðru leyti að vinna með niðurstöður skólalúlsins. Hjálpaði námskeiðið og hvernig þá? Og hvort við getum stutt við það starf? Er hægt að hvetja kennarana til að mæta á svona fyrirlestra, eða jafnvel að þeir komi í stað kennarafundar þá vikuna? Markmiðið er að búa til brú milli okkar, stjórnar Hugins, skólann og yfir í öll þessi stig þar sem unnið er með börnin.
3. Bréf frá nemendraráði. Við fögnum því að nemendarráð sé virkt, að þau séu upptekin og að þau eru að fá kennslu í ungmennalýðræði og vinna að ungmennaráði. Við fögnum líka því að þau kalli eftir örnámskeiðum. Stefnum á eitt örnámskeið í mars, slímnámskeið með Þórunni og Gígju, Tinna ætlar að athuga það. Og svo kannski 2- 3 örnámskeið næsta ár.
4. Skólaráðsfundir, 11. jan og 12. feb. Fundargerðir skólaráðs eru á heimasíðu skólans. Verið að fara í gegnum gátlista sem tengjast heilsueflandi skóla, eitt þema tekið á ári (gátlisti inni á heimasíðu) kom í ljós að það er engin kynfræðsla í skólanum. Það er ábyrgð skólans og Tinna ætlar að spyrja stýrur hvernig gengur, mögulega átti að fá kynfræðing til að koma og ræða við nemendur.
5. Fræðslunefndarfundir, 16. jan og 20. Feb. Sjá fundargerðir á heimasíðu sfk.is
6. Aðalfundur og vorverkdagur. Aðalfundur var fluttur fram um einn dag, verður haldinn 11. apríl.

Gætum við haft samtal um samvinnu heimilis og skóla og hvort það þurfi að endurskoða tengla-starfið í beinu framhaldi af aðalfundi. Kynna drög að starfsáætlun næsta árs á aðalfundi og einfaldlega spyrja; hvernig getum við mannað þessa viðburði?

7. Önnur mál; Að lokum var aðeins rætt um sumarfrístund. Dagný, íþróttafulltrúi er að vinna að þessu, næsti fundur velferðarnefndar er í byrjun mars. Auglýsing fyrir einhvern til að sækja um? Endurskoða fyrirkomulagið og fara snemma af stað, þá er hægt að að bregðast við ef enginn sækir um. Velferðarnefnd opin fyrir því að breyta fyrirkomulaginu.

Næg vinna í boði og erfitt að fá fólk til að sækja um, ættum við að leita eftir fólk. Þjóða leynileikhúsinu, Möugleikhúsinu...

- Fundi slitið 15.58, næsti fundur ætti samkvæmt áætlun að vera 5. mars, það þarf að endurskoða þann tíma. Í apríl er fundur áætlaður 9. apríl, til að undirbúa aðalfund. Er það nóg fyrir okkur?